

**Sjónvarpskort  
Vodafone**



**Leiðbeiningar**



## Sjónvarpskort Vodafone



- A** CAM-sjónvarpskort Vodafone. Er stungið inn í rauf á sjónvarpinu. Flest nýleg sjónvarpstæki hafa raufar fyrir CAM-kort.



- B** Digital Ísland snjallkort. Nauðsynlegt til að fá áskrift að sjónvarpstöðvum Digital Ísland. Er stungið inn í rauf á CAM-sjónvarpskortinu.

# Takk fyrir að velja Vodafone Sjónvarp

Í þessum bæklingi eru einfaldar uppsetningarleiðbeiningar fyrir Sjónvarpskort Vodafone fyrir sjónvarp um loftnet. Farið er skref fyrir skref í gegnum það hvernig setja skal kortið í sjónvarpstækið, ásamt ábendingum um hvernig stöðvar eru stilltar inn í nokkrum vinsælum sjónvarpstegundum. Ef leiðbeiningarnar eiga ekki við um þitt sjónvarpstæki bendum við á leiðbeiningabækling sjónvarpsins eða endursöluaðila.

**Við hvetjum þig til að fylgja leiðbeiningunum vandlega við tengingu myndlykilsins.**



## Í kassanum eru:

- » Sjónvarpskort Vodafone
- » Digital Ísland snjallkort

# Innsetning kortsins

Digital Ísland snjallkort fer inn í sjónvarpskort Vodafone áður en því er stungið í svonefnda PCMCIA rauf meðfram hlið eða aftan á sjónvarpstækinu.

## 1 Hvernig snýr snjallkortið?

Örgjörvinn á snjallkortinu (**Hlið A**) á að snúa upp í áttina að CONAX merkinu.


## 2 Hvernig snýr sjónvarpskortið?

Sjónvarpskortið þarf að snúa þannig á flestum tækjum að CONAX merkið **vísí frá skjánum** þegar þú setur kortið í raufina.

## 3 Raufin - PCMCIA tengið

Raufin er merkt með **PCMCIA** eða **CI** merkingu á flestum tækjum. Þegar sjónvarpskortið er sett í raufina er mikilvægt að gæta varúðar þar sem um viðkvæm tengi er að ræða og þau geta skemmst ef farið er of geyst. Þegar kortið er komið hæfilega langt inn smellur það í raufina. Á mörgum tækjum birtist þá tilkynning á skjánum um að CI kort (þ.e. CAM-kort) hafi verið sett í tækið.

**ATH:** Það getur tekið snjallkortið allt að 30 mínútur að taka á móti boðum eftir að sjónvarpskortið er sett í og sjónvarpskortið er búið að leita að stöðvum.



# Loftnet

## Hvernig loftnet þarf til að ná útsendingu Digital Ísland?

Digital Ísland sendir út á UHF bandi um allt land. Til þess að ná UHF útsendingum Digital Ísland þarf UHF loftnet (Hefðbundið loftnet, ekki örbylgjuloftnet).

Framboð stöðva á UHF kerfum Digital Íslands er takmarkað við 8 eða 16 stöðvar eftir svæðum. Loftnet geta verið mismunandi að gæðum og gildir því sú regla að því veikara merki sem næst (t.d. ef heimili er langt frá sendi eða í skugga) því betra loftnet þarf. Lágsuðs loftnetsmagnarar geta oft og tíðum bætt móttöku merkja til muna þar sem merki er veikt.

Loftnetin fást hjá raftækja- og loftnetsverslunum.



Algeng tegund UHF greiðu.

# Almennar leiðbeiningar fyrir algeng sjónvarpstæki

Hér að neðan eru almennar leiðbeiningar fyrir uppsetningu og stöðvaleit á útbreiddum tækjum á Íslandi. Útlit valmynda tekur örum breytingum hjá sjónvarpsframleiðendum. Ef þessi leiðarvísir hjálpar þér ekki við uppsetningu bendum við á að leita frekari upplýsinga hjá endursöluaðila sjónvarpsins.

ATHUGIÐ: Byrjið ávallt á að setja CAM-kortið í sjónvarpið áður en leiðbeiningunum hér fyrir neðan er fylgt.



## Uppsetning á Philips sjónvarpstækjum

**Home hnappurinn** (mynd af húsi) kallar upp valmyndakerfi sjónvarpsins. Í valmyndinni er valið **SETUP**. Þaðan er valið **Search for channels**. Þar er valið **Denmark** sem upprunaland. Ef spurt er um dreifileið er valið **Antenna DVB-T**. Og svo **START**.

Eftir að því ferli lýkur ætti sjónvarpið að vera uppsett og tilbúið til notkunar.



## Uppsetning á LG sjónvarpstækjum

**Home hnappurinn** (mynd af húsi) kallar upp valmyndakerfi sjónvarpsins. Í valmyndinni er valið **SETUP**. Þaðan er valið **CI Information**. Þar er valið **Denmark** sem upprunaland. Ef spurt er um dreifileið er valið **Antenna DVB-T**. Og svo **START**.



### Uppsetning á Panasonic sjónvarpstækjum

**MENU** hnappurinn á fjarstýringunni kallar upp valmyndakerfi sjónvarpsins. Í valmyndinni er valið **SETUP**. Þar undir er valmyndin **DVB-T tuning menu**. Í þeirri valmynd er hægt að velja um **Auto** - eða **Manual tuning**. Best er að velja **Auto tuning**.

Eftir að því ferli lýkur ætti sjónvarpið að vera uppsett og tilbúið til notkunar.



### Uppsetning á Samsung sjónvarpstækjum

Flest Samsung tæki hafa sérstakan sleða sem kortið er sett í áður en það er svo fest í þar til gert **CI tengi** aftan á sjónvarpstækinu. Sleðinn fylgir með öllum nýjum tækjum.

Á fjarstýringunni er valið **MENU** og þar er valið **System**. Í þeirri valmynd er **Common Interface** valmöguleikinn. Þessi valmynd er gráleit þegar kortið er ekki til staðar eða ekki rétt sett í raufina. Úr þeirri valmynd er notandinn leiddur í gegnum uppsetningarferlið.



### Uppsetning á Sony sjónvarpstækjum

Valmöguleiki fyrir sjónvarpskort Vodafone birtist ekki notandanum fyrr en kortið er rétt sett í tækið.

**Home** hnappurinn á fjarstýringunni opnar valmyndakerfi sjónvarpsins. Þaðan er farið í **Settings** valmyndina og þar er valið **Digital Set-up**. Úr þeirri valmynd er notandinn leiddur í gegnum uppsetningarferlið.

## Hafðu samband:

Ef þú hefur spurningar um sjónvarpsþjónustu Vodafone eða þarft aðstoð skaltu ekki hika við að hafa samband. Vodafone tekur við áskriftarpöntunum á öllum áskriftarpökkum Stöðvar 2. Þú getur haft samband við þjónustuver okkar í síma **1414**, sent **SMS á 1414** með spurningu eða beiðni um aðstoð eða notað vefinn okkar, **www.vodafone.is**. Þar er m.a. að finna ítarlegar hjálparsíður fyrir internettengingar, hægt að eiga **netspjall** við þjónustufulltrúa Vodafone og jafnframt hægt að **panta símtal** og fá þannig tæknimann Vodafone til að hringja í þig þegar þér hentar.

